



# Hvaleyrarbikarinn 2022

## Keppnisskilmálar

**Keppnisfyrirkomulag** - Höggleikur án forgjafar, 54 holur.

Mótið er hluti af stigamótaröð GSÍ. Leikið er samkvæmt reglugerð um stigamót GSÍ, almennum keppnisskilmálum GSÍ og almennum staðarreglum GSÍ, auk þessara viðbóta við keppnisskilmála og viðbóta við staðarreglur.

**Flokkar** - Keppt er í karlaflokki (hvítir teigar) og kvennaflokki (bláir teigar).

**Þátttökuréttur** - Hámarksfjöldi keppenda er 72. Í karlaflokki er hámarksforgjöf 5,5 og í kvennaflokki 8,5. Ef fjöldi skráðra leikmanna fer yfir hámarksfjölda ræður forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur því hverjir komast inn í hvorn flokk, þ.e.a.s. þeir kylfingar sem fjærst eru forgjafarmörkum í sínum flokki. Þó skulu að lágmarki 18 keppendur fá þátttökurétt í hvorum flokki. Standi val á milli keppenda með forgjöf jafnlangt frá forgjafarmörkum skal hlutkesti ráða.

**Verðlaun** – Keppt er um Hvaleyrarbikarinn í kvenna- og karlaflokki. Veitt verða verðlaun (gjafakort) fyrir 1. - 3. sæti í flokkum karla og kvenna.

**Jafntefli leyst** – Ef keppendur eru jafnir í fyrsta sæti verður leikinn bráðabani en að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ. Ef keppendur eru jafnir í öðrum sætum skiptast stig og verðlaun jafnt á milli þeirra.

**Skorkorti skilað** – Útbúið er eitt skorkort fyrir hvern ráshóp. Leikmaður 1 fyllir út skorkortið fyrir alla í Ráshópnum. Skila skal skorkortinu með undirskrift allra leikmanna. Leikmaður 2 skráir skor allra í ráshópnum rafrænt í Golfbox.

Leikmaður 1 telst ritari leikmanna 2 og 3. Leikmaður 2 telst ritari leikmanns 1. Skor á skorkortinu gildir ef misræmi er á milli þessi og skráningar í Golfbox.

Skorkorti telst skilað þegar leikmaður hefur afhent skorkortið í golfverslun og yfirgefið verslunina.

**Keppni lokið** – Keppni er lokið og úrslit endanleg þegar sigurvegarar hafa verið kynntir eða, fari verðlaunaafhending ekki fram, þegar mótsstjórn hefur samþykkt úrslit.

## Staðarreglur um leikhraða, akstur o.fl.

**Hámarkstími** til að ljúka umferð er 4 klst. og 20 mín. fyrir þriggja manna ráshóp:

Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Par	5	4	4	3	4	3	5	4	4	3	4	4	4	4	3	5	4	4
Mínútur	16	16	15	9	17	9	19	14	19	12	14	13	14	16	11	17	13	16
Samtals tími	0:16	0:32	0:47	0:56	1:13	1:22	1:41	1:55	2:14	2:26	2:40	2:53	3:07	3:23	3:34	3:51	4:04	<b>4:20</b>

Ef (a) fyrsti ráshópur dagsins er kominn fram yfir hámarkstíma miðað við leikhraðatöflu, eða (b) aðrir ráshópar eru komnir fram yfir hámarkstímann og halda ekki í við næsta ráshóp á undan svo nemi einu rástímabili, getur dómari áminnt leikmenn um að leika hraðar. Verði ráshópurinn ekki undir hámarkstíma, eða ná næsta ráshópi, innan tveggja hola, eða ef engin viðleitni er sýnd til þess innan einnar holu, getur dómari mælt leikhraða. Dómari getur einnig áminnt og síðar mælt leikhraða einstakra leikmanna sem hann telur að leiki óeðlilega hægt, jafnvel þótt ráshópurinn haldi í við næsta ráshóp. Eyði leikmaður meira en 45 sekúndum frá því að hann telst tilbúinn að slá bolta sinn og þar til hann greiðir högg skal hann sæta víti samkvæmt reglu 5.6b(3), þannig: Fyrsta brot: Aðvörun; Annað brot: Eitt högg; Þriðja brot: Tvö högg; Fjórða brot: Frávísun.

**Akstur** – Á meðan umferð er leikin má leikmaður ekki ferðast á neinu vélknúnu ökutæki nema eins og leyft er, eða síðar staðfest, af mótsstjórn eða dómara. Víti fyrir brot á staðarreglunni: Leikmaðurinn fær almenna vítið fyrir hverja holu þar sem staðarreglan er brotin. Ef brotið á sér stað á milli hola er vítinu beitt á næstu holu

**Leik frestað/hætt** – Merkja skal legu boltans áður en honum er lyft. Eftirfarandi merki eru notuð:

Hættið leik strax: Langt samfellt hljóðmerki.

Hættið leik: Þrjú hljóðmerki, endurtekin (ljúka má holu sem leikur er hafinn á).

Hefja leik aftur: Tvö stutt hljóðmerki, endurtekin.

**Hegðun** – Keppendur skulu koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Þeir skulu sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur. Brjóti keppandi eitthvað af framanskraðu, á hann á hættu að vera vikið úr keppni (úr Móta- og keppendareglum GSÍ, 10. gr).

### **Mótsstjórn:**

Davíð Kr. Hreiðarsson, Ólafur Þór Ágústsson, Vikar Jónasson.

### **Dómarar:**

Gunnar Gylfason, Hörður Geirsson, Jón Níels Gíslason, Þórdís Geirsdóttir.